

Nd.

416. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 46 8. sept. 1931, um fiskimat.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. gr.

Á eftir næstsiðustu málsgr. 1. gr. laganna komi ný málsgr., svo hljóðandi: Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið getur skyldað eigendur fiskgeymslu- og fiskverkunarhúsa til þess að hreinsa húsin og fiskverkunaráhöld árlega úr gerlaeyðandi efnum. Ríkið leggur þá til hið gerlaeyðandi efni, en húseigendur kosta hreinsunina að öðru leyti. Yfirfiskimatsmenn leiðbeini við hreinsunina og hafi eftirlit með henni.

2. gr.

3., 4. og 5. málsgr. 2. gr. laganna falli niður. Í þeirra stað komi ný málsgr., svo hljóðandi:

Til þess að tryggja sem bezt samræmi fiskimatsins í landinu skal fiskimatsstjóri halda fundi með yfirfiskimatsmönnum svo oft sem þurfa þykir. Auk þeirra skal fiskifulltrúi Íslands á Spáni sækja fundi þessa, þegar því verður við komið, og láta í té aðstoð sína.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt samkv. tilmælum atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins, eftir tillögum fiskimatsstjóra, en þó með nokkrum breytingum frá því, sem hann lagði til.

Frá fiskimatsstjóra fylgdu frv. svo hljóðandi athugasemdir:

„Nýlega afstaðinn fundur yfirfiskimatsmanna hefir samþykkt ályktun um, að fyrirskipuð sé með lögum árleg hreinsun fiskgeymslulúsa og áhalda við fiskverkun. Hin síðari ár hefir jarðslagi í fiski ágerzt svo mjög, að fyllsta ástæða er til að hefta þessa plágu svo sem mögulegt er. Það er þó ekki fyllilega rannsakað, hvort árleg hreinsun húsa og áhalda verði að fullu gagni, og því er ætlað til, að ríkisstjórnin fái heimild til þessarar ráðstöfunar, ef nánari rannsókn leiðir það í ljós, að hún komi að verulegu haldi.

Aldrei hefir verið meiri ástæða en nú til þess að halda fast í þá útlendu markaði fyrir fisk, sem við höfum haft fram að þessu, og finna nýja möguleika til sölu. Nú hafa að undanfögnu komið kvartanir yfir islenskum fiski og markaðurinn þrengzt. Er því viðbúið, að gera þurfi ýmsar ráðstafanir til þess að tryggja betur matið og greiða fyrir fisksölu erlendis. Fiskimatslögin frá 8. sept. 1931 eru samín áður en bar á viðskiptahömlum þeim, sem nú eru upp teknar í markaðslöndunum. Því þykir nú rétt, að bætt sé inn í lögin heimild fyrir ríkisstjórnina til ráðstafana, sem ekki þóttu nauðsynlegar þegar lögin voru samín, en geta nú verið aðkallandi til þess að halda betur markaðnum eða auka hann. Að þessu lýtur síðari hluti viðaukans við 1. gr.

Breyting sú á 2. gr. fiskimatslaganna, sem hér er gerð, er afleiðing af því, að nú er skipaður fiskimatsstjóri samkv. lögum frá síðasta Alþingi. Í þeim er svo ákveðið, að hann skeri úr öllum ágreiningi um fiskimat. Virðast því 3. og 4. mgr. 2. gr. í fiskimatslögunum þar með úr gildi felldar, enda hafa ákvæði þau, er þær fjalla um, aldrei komið til framkvæmda og sjávarútvegsnefndir þingsins ekki heldur kosið fulltrúa þann, sem gert er ráð fyrir, að þær velji“.